

# SKIPULAGSSKRÁ HÁSKÓLASETURS VESTFJARÐA

## 1. gr. - Heiti, heimili og varnarþing

Stofnunin heitir Háskólasetur Vestfjarða ses. Heimili þess og aðalstarfsstöð er að Suðurgötu 12 á Ísafirði.

## 2. gr. - Tilgangur

Tilgangur Háskólasetursins er að stuðla að fjölbreyttri uppbyggingu háskólamenntunar, rannsókna og þekkingarstarfs á Vestfjörðum, vera samstarfsvettvangur fyrir aðila er vinna að verkefnum á sviði rannsókna, háskóla- og símenntunar, fjölþjóðlegra samstarfsverkefna, nýsköpunar og byggða- og atvinnuþróunar.

## 3. gr. - Form og aðild

Háskólasetur Vestfjarða ses. er sjálfseignarstofnun sem stundar atvinnurekstur og starfar á grundvelli laga nr. 33/1999. Stofnendur sjálfseignarstofnunarinnar eru: Háskóli Íslands, Kennaraháskóli Íslands, Háskólinn í Reykjavík, Háskólinn á Akureyri, Viðskiptaháskólinn á Bifröst, Landbúnaðarháskóli Íslands, Háskólinn á Hólum, Tækniháskóli Íslands, Listaháskóli Íslands, Hafrannsóknastofnunin, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Veðurstofa Íslands, Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Ísafjarðarbær, Bolungarvíkurkaupstaður, Fjórðungssamband Vestfirðinga, Náttúrustofa Vestfjarða, Hraðfrystihúsið Gunnvör hf., Snerpa ehf., Vestfirðir á miðöldum, Sýslumaðurinn á Ísafirði, Vestri ehf., Fjarðanet ehf., Miðfell ehf., Ísfang ehf., Vesturbyggð, FSÍ/HSÍ, Félagsmálaráðuneytið f.h. Fjölmeningarseturs, Atkonur, Vífilfell hf., Tónlistarskóli Ísafjarðar, Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, Rætur, Skógur ehf, Ylgur ehf., Lífeyrissjóður Vestfirðinga, Agar.

Stofnframlag sjálfseignarstofnunarinnar er kr. 5.250.000.- og greiðir hver stofnaðili kr. 150.000-. Aðilar að Háskólasetrinu geta orðið stofnanir, félög og fyrirtæki sem í rekstri sínum fást við rannsóknir, fræðslu, þróun eða annað þekkingarstarf og tveir þriðju hluti stofnenda samþykkir.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim eignum er hún kann að eignast síðar.

Engin sérréttindi í stofnuninni tilheyra stofnendum hennar.

## 4. gr. - Fulltrúaráð og stjórn

Allir þeir sem eiga aðild að Háskólasetri Vestfjarða ses. eiga einn fulltrúa í fulltrúaráði, og einn til vara, sem fer með æðsta vald stofnunarinnar.

Fulltrúaráð kýs stjórn sem í umboði fulltrúaráðsins mótar stefnu um rekstur þess, vinnur að markmiðum skv. 2. gr. samþykktanna og kemur fram fyrir hönd setursins. Fulltrúaráð kemur saman að minnsta kosti einu sinni á ári.

Í stjórn Háskólasetursins skulu sitja fimm fulltrúar. Þar af skulu sitja a.m.k einn fulltrúi Ísafjarðarbæjar, einn fulltrúi háskóla og einn fulltrúi rannsóknarstofnana. Kjósa skal varafulltrúa fyrir hvern stjórnarmann. Stjórnin fer með æðsta vald setursins á milli funda fulltrúaráðsins. Stjórnin er skipuð til tveggja ára í senn og skiptir hún sjálf með sér verkum. Stjórnin skal koma saman að minnsta kosti þrisvar á ári. Formanni stjórnar er skylt að boða til stjórnarfundar ef 1/3 hluti stjórnarmanna krefst þess og sama gildir um fulltrúaráð. Það sem gerist á fundum fulltrúaráðs, stjórnar og á ársfundi skal skráð í gerðabók og undirritað af viðstöddum fundarmönnum.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tæk á að fjalla um málið, sé þess nokkur kostur. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda stofnunina. Stjórn sjálfseignarstofnunarinnar veitir prókúrumboð fyrir stofnunina.

## **5. gr. - Framkvæmdastjóri**

Stjórn Háskólaseturs Vestfjarða ses. ræður framkvæmdastjóra og ákveður laun hans og starfskjör. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur setursins eða gera verksamning við einhvern aðildarfélag þess um að annast daglega stjórnun. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð gagnvart stjórn og vinnur samkvæmt ráðningarsamningi og starfslýsingu, samþykktum þessum og fyrirmælum stjórnar. Hann fer jafnframt með fjármál og reikningshald setursins í umboði stjórnar og fulltrúaráðs. Sama ábyrgð og starfsskyldur hvíla á aðildarfélagi sem tekur að sér framkvæmdastjórn samkvæmt verksamningi.

Framkvæmdastjóri á rétt á að sitja stjórnar- og fulltrúaráðsfundi og hefur þar málfrelsi og tillögurétt nema stjórn eða fulltrúaráð ákveði annað í einstökum tilvikum.

## **6. gr. - Ársfundur**

Ársfundur Háskólasetursins skal haldinn á tímabilinu mars til maí ár hvert. Ársfundinn skal boða með tryggilegum hætti og að lágmarki tíu daga fyrirvara. Dagskrá ársfundar skal vera eftirfarandi:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Afgreiðsla reikninga.
3. Fjárhagsáætlun.
4. Kosning stjórnarmanna (þegar við á).
5. Kjör skoðunarmanna eða endurskoðanda.
6. Ákvörðun um þóknun til stjórnar.
7. Tillögur um breytingar á skipulagsskrá og starfsháttum.
8. Önnur mál

### **7. gr. - Fjármál**

Stofnfé Háskóla Vestfjarða ses. er kr. 5.250.000.- sem stofnendur greiða með reiðufé. Tekjur Háskóla Vestfjarðasins eru samningsbundin framlög aðila að setrinu, opinber framlög, styrkir og sjálfsaflafé. Sem sjálfseignarstofnun hefur Háskóla Vestfjarðasins sjálfstæðan fjárhag og ber því eitt ábyrgð á skuldbindingum sínum. Fulltrúaráð skal kjósa einn eða fleiri löggilta endurskoðendur eða skoðunarmenn ásamt varmönnum. Skulu þeir rannsaka reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsár og eigi síðar en mánuði eftir samþykktir ársreikninga, þó eigi síðar en átta mánuðum eftir lok reikningsárs, skal senda stjórnvaldi því er tekur við ársreikningum félaga ársreikning eða samstæðureikning stofnunarinnar ásamt skýrslu stjórnar, áritun endurskoðanda eða skoðunarmanna og upplýsingar um hvenær ársreikningurinn var samþykktur. Endurskoðendur eða skoðunarmenn má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna félagsins. Starfsár og reikningsár Háskóla Vestfjarðasins er almanaksárið. Endurskoðaðir reikningar skulu sendir út með fundarboði ársfundar og síðan lagðir fyrir til afgreiðslu á fundinum. Ef hagnaður verður af rekstri stofnunarinnar skal færa hann yfir á næsta reikningsár. Ef tap verður af rekstri á rekstri stofnunarinnar skal niðurgreiða það með fjárfraamlögum næsta árs. Starfsár og reikningsár er frá 1. janúar til 31. desember. Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreiknings og lagt hann fyrir endurskoðendur eigi síðar en 30. mars ár hvert.

### **8. gr. - Breytingar á skipulagsskrá**

Skipulagsskrá þessari má aðeins breyta á ársfundi Háskóla Vestfjarða ses. með samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða í fulltrúaráði, sbr. og 36. gr. laga nr. 33/1999.

## **9. gr. - Slit eða sameining**

Háskólasetri Vestfjarða ses. verður aðeins slitið eða það sameinað annarri stofnun með ákvörðun skv. 36. gr. laga nr. 33/1999 á þar til boðuðum fundi fulltrúaráðs. Verði starfsemi Háskólaseturs Vestfjarða ses. hætt og það lagt niður skal eigum þess varið til eflingar háskólamenntunar á Vestfjörðum.

## **10. gr. - Úrsögn**

Aðilar að Háskólasetrinu geta sagt sig úr því og skal beiðni þar að lútandi vera skrifleg og send til stjórnar. Úrsögn tekur gildi frá og með næsta ársfundi eftir að úrsagnarbeiðni berst stjórn. Stofnframlög og önnur framlög eða árgjöld ef innheimt hafa verið eru óafturkræf og aðilar geta ekki gert kröfu um hlutdeild í eignum Háskólasetursins við úrsögn.

Skipulagsskrá þessi er samþykkt á stofnfundi Háskólaseturs Vestfjarða ses. að Suðurgötu 12 á Ísafirði.

Ísafirði, 12. mars, 2005

Þorsteinn Gunnarsson, rektor, f.h. Háskólans á Akureyri  
Rögnvaldur Ólafsson, f.h. Háskóla Íslands  
Þorkell Sigurlaugsson, f.h. Háskólans í Reykjavík  
Valgeir Bjarnason, aðstoðarskólameistari, f.h. Háskólans á Hólum  
Stefán Kalmansson, f.h. Viðskiptaháskólans á Bifröst  
Ólafur Proppé, rektor, f.h. Kennaraháskóla Íslands  
Hjálmar H. Ragnarsson, rektor, f.h. Listaháskóla Íslands  
Ágúst Sigurðarson, rektor, f.h. Landbúnaðarháskóla Íslands  
Dóra Hlín Gísladóttir, f.h. Skóga ehf.  
Jóhann Sigurjónsson, forstjóri, f.h. Hafrannsóknarstofnunar  
Sjöfn Sigurgísladóttir, forstjóri, f.h. Rannsóknarstofnunar fiskiðnaðarins  
Þorkell Sigurlaugsson, f.h. Tækniháskóla Íslands.  
Magnús Jónsson, veðurstofustjóri, f.h. Veðurstofu Íslands  
Smári Haraldsson, f.h. Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða  
Halldór Halldórsson, bæjarstjóri, f.h. Ísafjarðarbæjar  
Einar Pétursson, bæjarstjóri, f.h. Bolungarvíkurkaupstaðar  
Sigríður Björk Guðjónsdóttir, f.h. Sýslumannsins á Ísafirði  
Ragnheiður Hákonardóttir, f.h. Fjórðungssambands Vestfjarða  
Þorleifur Eiríksson, f.h. Náttúrustofu Vestfjarða  
Matthildur Helgadóttir, f.h. Snerpu ehf.

Kristján G. Jóhansson, f.h. Hraðfrystihúss Gunnvöru  
Jón Sigurpálsson, f.h. Vestfjarða á miðöldum  
Gísli Jón Hjaltason, f.h. Vestra ehf.  
Magni Örvar Guðmundsson, f.h. Fjarðarnets ehf.  
Elías Oddsson, framkvæmdastjóri, f.h. Miðfells ehf.  
Ólafur Bjarni Halldórsson, f.h. Ísfangs ehf.  
Elsa Arnardóttir, f.h. Félagsmálaráðuneytis, f.h. Fjölmeningarseturs  
Vestfjarða  
Stefán Torfi Sigurðsson, f.h. Vífilfells  
Sigríður Ragnarsdóttir, f.h. Tónlistarskóla Ísafjarðar  
Aðalsteinn Óskarsson, f.h. Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða  
Valdimar Halldórsson, f.h. Róta  
Sigurborg Þorkelsdóttir, f.h. Atkvenna  
Ragnheiður Hákonardóttir, f.h. Ylgs ehf.  
Kristján G. Jóakimsson, f.h. Agar  
Guðrún Guðmannsdóttir, f.h. Lífeyrissjóðs Vestfirðinga.